

Skólaráðsfundur 25. apríl 2023

Fundinn sátu:

Vildís Björk Bjarkadóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Markús Máni Gröndal nemendafulltrúi, Hulda Þórey Halldórsdóttir nemendafulltrúi, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skóladagatal 2023-2024.

Skóladagatal næsta árs lagt fram til skoðunar. Það hefur verið samræmt við aðra skóla í Skagafirði. Skólaráð gerir ekki athugasemdir við skóladagatalið.

Farið yfir dagskrána til vors. Opið hús í tilefni 25 ára afmælis Árskóla þriðjudaginn 16. maí kl. 16:00-19:00. Viðburðir í matsal og í stofum, vöflusala o.fl. Íþróttadagur skólans daginn eftir. Skólaferðir fara svo að hefjast og hefðbundin vordagskrá.

Viðhald á skólahúsnæðinu.

Viðhald verður á A-álmunni í sumar, skoðað verður með ný skólahúsgögn í kjölfarið. Einnig er fyrirhugað að endurnýja sófa á göngum á Þekju og víðar í skólanum.

Gangbrautarljós.

Kvartað er yfir að ljósin séu stillt þannig að rautt ljós kvikni alltof snemma ef ýtt er á takkann og skapar það hættu vegna bíla sem þurfa að negla niður.

Næsti fundur í skólaráði er miðvikudaginn 10. maí kl. 12:15.